



Yfirlýsing vegna helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti



Tilgangur

Yfirlýsing þessari er ætlað að lýsa því hvernig eða hvort Frjálsi lífeyrissjóðurinn tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Frjálsa lífeyrissjóðnum er skylt, skv. 1. mgr. 4. gr. SFDR, að birta á vefsíðum sínum uppfærðar upplýsingar um hvernig eða hvort tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sjóðsins á sjálfbærniþætti.

Yfirlýsing

Í samræmi við 4. gr. SFDR reglugerðarinnar upplýsir Frjálsi lífeyrissjóðurinn hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að núverandi stefna um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásættanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra gildandi laga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum.

Samantekt á eigendastefnu Frjálsa lífeyrissjóðsins

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Hluthafastefna Frjálsa lífeyrissjóðsins á fyrst og fremst við um innlendar skráðar fjárfestingar. Markmið hluthafastefnunnar er að skilgreina þær kröfur sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í ásamt því að auka gagnsæi sjóðsins sem hluthafa og stuðla að trúverðugri aðkomu lífeyrissjóðsins að viðkomandi félögum.

Hluthafastefna sjóðsins, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, snertir meðal annars á samkeppnissjónarmiðum, hvernig atkvæðagreiðslu á hluthafafundum er háttað, val og kröfur til stjórnarmanna og samskipti við stjórnarmenn í félögum sem sjóðurinn fer með eignarhlut í. Einnig er gerð krafa um að starfskjarastefna félaga sem sjóðurinn fer með eignarhlut í uppfylli hlutafélagalög og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eftir því sem við á.

Fylgni við alþjóðlega staðla

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um að eignastýringaraðili sjóðsins sé aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og horfi því til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (UN Global Compact) í fjárfestingum sínum.